

**Ed.**

**359. Nefndarálit**

**[39. mál]**

um frv. til l. um kornrækt.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt frv. og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hlutinn (ÁB og PP) leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Meiri hl. leggur til, að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Á 2 undanförunum þingum hefur frv. um kornrækt, samhljóða þessu í aðalatriðum, verið afgreitt frá deildinni, en dagað uppi í neðri deild. Upphaflega var frv. samið af millipinganefnd fyrir nokkrum árum og sniðið eftir kringumstæðum, er þá voru. Þá hafði kornyrkja hér á landi verið á tilraunastigi um nokkur ár, og stefndi frv. að því að styrkja félagsskap bænda til að kaupa dýrar vélar og hjálpa þeim þannig yfir byrjunarörðugleika undir yfirstjórn landbúnaðarráðuneytisins. Þróun hefur orðið ör á þessu sviði á fáum árum. Korn er nú ræktað með allgóðum árangri á vegum féлага á Suðurlandi á stórum landsvæðum og auk þess víða á bændabýlum sunnanlands og austan, og víðar um land er kornyrkja í undirbúningi. Viðhorf öll eru því mjög breytt nú frá því, sem var, er kornræktarfrumvarp þetta var samið upphaflega.

Meiri hl. nefndarinnar telur sem fyrr, að mál þetta sé mikilsháttar og að horfur séu á, að kornyrkja geti orðið stór liður í framleiðslu okkar í náninni framtíð, og að henni eigi að veita fjárstuðning í einhverri mynd. Samkv. lögum frá 1960 njóta kornræktarmenn nú sama jarðræktarstyrks og túnræktarmenn, þ. e. við frumvinnslu lands. Bendum við á, að jarðræktarlög eru nú í endurskoðun og að eðlilegt sé, að ákvæði um styrk til endurvinnslu lands vegna kornræktar séu tekin upp í þau, einnig gæti verið um að ræða niðurgreiðslu á innlendu korni til fóðurs. Teljum við, að mál þetta þurfi enn nýrrar athugunar við og það sem allra fyrst. Í trausti þess, að kornræktarmenn fái nauðsynlegan stuðning við sitt virðingarverða framtak, leggur meiri hl. til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 6. marz 1962.

Bjartmar Guðmundsson,  
form., frsm.

Sigurður Ó. Ólafsson,  
fundaskr.

Jón Þorsteinsson.